

**Nd.**

### **364. Nefndarálit**

um frv. til laga um sjerleyfi handa Ottó B. Arnar o. fl. til þess að reka útvarp (broadcasting) á Íslandi.

Frá allsherjarnefnd.

Áður en frv. var vísað til nefndarinnar hafði hún athugað þetta mál nokkuð og leitað álits landssímastjóra um það. Leggur hann með málinu, og er frumvarpið á þingskjali 308 í aðalatriðum eins og frumvarp það, er landssímastjórinn ljét fylgja umsógn sinni um málið til allsherjarnefndar.

Nefndin lítur svo á, að hjer sje um mjög merkilegt mál að ræða og telur mikla nauðsyn þess, að útvarpsstöð eða stöðvar verði reistar hjer hið fyrsta. Er útvarpið (broadcasting) ekki einungis til skemtunar, heldur og til gagns fyrir þá, sem þess geta notið. Og við mundum, jafnvel öðrum þjóðum frekar, geta haft af því margvíslegt gagn. Má benda á, hve nauðsynlegt það væri fyrir vjelbátana íslensku, að geta fengið fregnir frá stöðinni um veður og veðurútlit og um aflabrögð á þessum eða hinum staðnum, sem beinlínis getur orðið til gróða fyrir útveginn. Margt fleira mætti benda á, ef þörf gerðist.

En til þess að koma útvarpinu á, verður líklega ekki önnur leið fær en að veita *sjerleyfi* til þessarar starfrækslu um nokkurra ára skeið, svo sem frv. fer fram á, úr því að landssímanum er ekki treyst til að ráðast í þetta fyrirtæki að svo komnu, sem skyldast hefði þó verið.

En nefndin vill ekki, að sjerleyfið verði í lögum um þetta stílað á nafn einstaks manns eða fjelags, og leggur því til, að það verði felt niður úr frv. Einnig leggur hún til, að heimildin um að framselja sjerleyfi verði feld niður.

Nefndin vill þó láta þess getið, að hún telur rjett, að þeim mönnum, eða fjelagi þeirra manna, sem um ræðir í frv., verði, að öðru jöfnu, veitt sjerleyfi til þess að reka útvarpið.

Þá vill nefndin ekki einskorða veitingu sjerleyfis við það, að hlutafjelag verði stofnað til þess að reka útvarpið. Því vel getur hugsast annað fyrirkomulag í þessu efni. Leyfistímann vill nefndin stytta, svo að hann fari eigi fram úr 7 árum.

Um það hefir verið deilt, hve mikið afl væntanleg útvarpsstöð þyrfti að hafa til þess að geta náð til alls landsins. Í frv. er gert ráð fyrir, að stöðin hafi ekki minna afl en svo, að hún geti varpað út a. m. k. með 150 km. radiusi. En nefndin hefir fengið þær upplýsingar, að slík stöð mundi eigi hafa nægt afl til útvarps um allt landið, nema með afarkostnaði fyrir þá notendur, sem fjarri eru stöðinni, þannig, að móttökutæki þeirra yrðu þá að vera svo fullkomin og um leið svo dýr, að flestum yrði sá kostnaður lítt kleifur. Í frv. landssímastjóra er afl stöðvarinnar miðað við það, að hún hafi 1/2 kw. í loftnet. Mun sú ákvörðun um afl stöðvar vera nákvæmari en að miða við vegalengd, er stöðin geti sent, nema þá sje jafnframt miðað við tiltekin móttökutæki í þeirri fjarlægð, sem um

er að ræða. En nefndinni þykir  $\frac{1}{2}$  kw. í loftnetið of lítið afl fyrir stöðina, og leggur því til, að útvarpsafl stöðvarinnar sje 1,5 kw. í loftnet. En jafnframt leggur nefndin til, að frá þessu megi víkja, ef fleiri verða útvarpsstöðvar en ein, og sem þá auðvitað yrði að setja upp samtímis.

Eftir frv. (3. lið á fyrri staðnum) á ríkisstjórnin að gefa út reglugerð um rekstur útvarpsins og henni falið að ákveða, hvaða viðtökutæki skuli nota og hver ekki. Þetta vill nefndin fella niður, og er það í samræmi við þá tillögu hennar, að fella úr frv. einkarjett væntanlegs sjerleyfishafa »til þess að flytja inn, smíða og selja eða leigja loftskeytaviðtökutæki«. En að sjálfsögðu stendur ákvæðið um það, að ríkisstjórnin geti gefið út reglugerð um rekstur útvarpsins, þar sem m. a. mætti fyrirskipa, að veðurfregnir yrðu sendar á tilteknum tíma, einu sinni eða oftár á degi hverjum, og fleira, sem ástæða þætti til að setja reglur um.

Það tíðkast nú mjög, að útvarpsstöðvar flytja ræður stjórnmalamanna, bæði þegar kosningar standa yfir og endrarnær. Er það og haganlegt, því á þann hátt geta miklu fleiri hlustað á þær en ella. Þetta mundi vafalaust tekið upp hjer, þegar útvarpsstöð er komin. En þess verður að sjálfsögðu að krefjast, að allir stjórnmalaflokkar eigi jafnan aðgang að stöðinni í þessu skyni. Þá verður og að gæla þess, að þau tíðindi eða frjettir, sem stöðin sjálf kann að senda heyrendum, verði eigi lituð í þágu neins sjerstaks stjórnmalaflokks.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir neinum sektarákvæðum í væntanlegri reglugerð. En rjettara þykir að leggja sektir við, ef brotið er gegn rjettindum sjerleyfishafa. Hinsvegar er það og sjálfsagt, að ríkisstjórnin ákveði í sjerleyfi viðurlög, ef sjerleyfishafi rýfur þá skilmála, er honum kunna að verða settir. Heimild til þessa felist í þeim nýja (6.) lið, sem nefndin vill, að bætt verði inn í frv.

Ákvæði frv. um, að ríkið geti keypt stöðina að 10 árum liðnum breytast í samræmi við tillögu nefndarinnar um styttingu sjerleyfistímans.

Nefndin fellst ekki á, að rjett sje að veita þeim, er sjerleyfi kann að fá, einkarjett til sölu á viðtökutækjum, og hefir áður verið að því vikið. Bæði er það, að þá ráða menn því miklu síður, hversu mikinn kostnað þeir vilji leggja í viðtökutækin, og svo hitt, að þeir eru fjöldamargir, sem geta sjálfir búið tækin út eða sett þau saman. Enda eru framfarirnar svo miklar á þessu sviði, að svo að segja daglega koma fram ný tæki, sem taka þeim eldri fram að gæðum og verði. Gæti því verið óheppilegt að binda sig við tæki frá einni verksmiðju, sem ef til vill væru ófullkomnari og dýrari en annars væri kostur á.

Þess vill nefndin láta getið, að hún telur eigi rjett að veita sjerleyfi, nema ríkisstjórnin hafi tryggingu eða vissu fyrir því, að úr framkvæmd verði.

Það er erfitt að gera sjer grein fyrir því, hversu hátt árgjald notendur þyrftu að greiða hjer á landi. Í brjefi, sem stjórn fjelags isl. loftskeytamanna hefir sent Alþingi um þetta mál, er talið, að árgjaldið ætti eigi að fara fram úr 30—40 kr. á ári. Þykir nefndinni ósennilegt, að árgjaldið þyrfti að vera hærra. Í Englandi er árgjaldið 10 sh., en helmingur þess fellur til ríkisins. Og í dönskum blöðum er nýlega talað um 10—15 króna árgjald þar í landi. En á það þarf að leggja áherslu, að árgjaldið verði sem allra lægst, því móttökutækin kosta talsvert fje, að minsta í hjeruðum, sem fjarri eru útvarpsstöð.

Fyrir nefndinni hefir legið erindi frá A. Gook á Akureyri, þar sem hann

fer fram á, að sjer verði leyft að reisa »viðboðsstöð« í húsi sínu á Akureyri. Telur hann sig hafa nægilegt fje til framkvæmda, svo »að hægt verði að byrja á verkinu næsta haust«.

Allsherjarnefnd sendi einnig þetta erindi til landssímastjóra. Er umsögn hans á þessa leið:

## »II. Um erindi frá A. Gook.

Hjer er ekki sótt um neitt sjerleyfi. Ef væntanlegu h/f »Viðvarp« yrði gefið einkaleyfi, verður ekki hægt að veita neinum öðrum leyfi til að starf-rækja hjer viðvarpsstöð og taka endurgjald fyrir hjá notendum. Aftur á móti yrðu þeir, sem öfluðu sjer viðtökutækja til að hlusta á prjedikanir Gooks, að greiða afnotagjald til h/f »Viðvarp«, ef þetta fjelag fær einkaleyfið.

Í »Reglugerð um rekstur loftskæytastöðva á Íslandi«, dags. 17. maí 1918, IV. kafla, 17. gr., er stjórninni veitt heimild til að leyfa uppsetning »gaman«-stöðva. Og að míou álitu heyrir þessi umsókn hr. Gooks þar undir. Jeg leyfi mjer því að leggja til, að nefndin sendi stjórninni þetta erindi til frekari aðgerða. Þegar svo málið kemur aftur til mín, mun jeg leggja til, að hr. Gook verði veitt þetta leyfi um óákveðið tímabil, með þeim skilyrðum, sem nauðsynleg eru bæði með tilliti til landssímans og væntanlegs viðvarpsfjelags.

Með skírskotun til þessarar umsagnar landssímastjóra, vill nefndin hjer með vísa erindi hr. A. Gooks til stjórnarinnar.

Að því er snertir frv. á þskj. 308, þá verður í framsögu gerð nánari grein fyrir því máli. En það er tillaga nefndarinnar, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

## BREYTINGARTILLÖGUM.

### 1. 1. málsgr. skal orða svo :

Ríkisstjórninni veitist heimild til að veita sjerleyfi til þess að reka útvarp á Íslandi um næsta 5—7 ára skeið frá því útvarpsstöð tekur til starfa, gegn þeim skilyrðum og með þeim hlunnindum, er nú skal greina :

### 2. Við tölulið 1. (á fyrri staðnum) :

a. Í stað »hlutafjelag« komi : fjelag.

b. Í stað »hlutafje« komi : stofnfje.

c. Í stað »hlutafjár« komi : þess fjár.

### 3. Við tölulið 2. (á fyrri staðnum). Fyrir »að hún geti — — — radiusi« komi : 1,5 kw. í loftnetið. Þyki hentugra að hafa fleiri stöðvar en eina, má þó vikja frá þessu ákvæði.

### 4. Við tölulið 3. (á fyrri staðnum). Liðinn skal orða svo :

Að ríkisstjórnin gefi út reglugerð um rekstur útvarpsins. Má þar ákveða sektir fyrir brot gegn rjettindum sjerleyfishafa.

5. Við tölulið 4. (á fyrri staðnum). Liðinn skal orða svo:  
Að ríkið eigi að sjerleyfistímanum liðnum kauprjett á stöðinni eða stöðvun-  
um fyrir matsverð.
6. Við tölulið 5. Í stað »sjeu« komi: eru.
7. Aftan við 5. tölulið bætist nýr liður:  
6. Að sjerleyfishafi hliti þeim skilyrðum öðrum, er ríkisstjórnin telur rjett  
að setja, þar á meðal um viðurlög.
8. Tölulið 1. (á seinni staðnum) skal orða svo:  
Að hver sá, er móttökutæki hefir, sje skyldur til að greiða stofngjald til  
stöðvarinnar, er tækin eru sett niður, og síðan árlegt gjald fyrir notkun þeirra,  
hvorttveggja eftir gjaldskrá, sem ráðuneytið samþykkir. Undanskilin frá þessu  
sjeu þó viðtökutæki, sem fylgja heilum loftskeytastöðvum, og eins þau við-  
tökutæki, sem ríkisstjórnin þarf til notkunar á stöðvum sínum.
9. Tölulið 2. (á seinni staðnum) skal orða svo:  
Að leyfishafa sje heimilt að leggja þá sima, sem nauðsynlegir þykja, frá op-  
inberum stöðum til útvarpsstöðvar (svo sem í Reykjavík frá alþingishúsinu,  
dómkirkjunni, leikhúsi o. s. frv.).
10. Við tölulið 3. (á seinni staðnum). Orðið »frá« falli niður.
11. 4. töluliður (á seinni staðnum) falli niður.
12. Úr fyrirsögn frv. falli niður orðin »handa Ottó B. Arnar o. fl.«.

Alþingi, 20. apríl 1925.

Magnús Torfason,  
form.

Jón Baldvinsson,  
fundaskr., frsm.

Jón Kjartansson.

Bernh. Stefánsson.

Árni Jónsson.